




ENVRALYS

Pingeyri - tillaga að deiliskipulagi fyrir lóð við Vallargötu (37)

Könnun á afstöðu fólks til hugmynda um Sólsetrið, núverandi staðsetningar þess og framsetningar deiliskipulagstillögu í þrívídd. Hugmyndir að annarri staðsetingu Sólsetursins.

Fyrirvari

Könnun þessi er gerð að frumkvæði fyrirtækisins ENVRALYS og er hún á ábyrgð þess.

ENVRALYS hefur engin tengsl við fyrirhugaða uppbyggingu Sólsetursins á Þingeyri, engir fjárhagslegir hagsmunir búa að baki þessari könnun og engar greiðslur eru þegar vegna framkvæmdar hennar, úrvinnslu gagna og birtingar niðurstaðna.



Samantekt og umræða

- ▶ Niðurstöður könnunarinnar sýna að:
 - ▶ Þátttakendur eru fremur hlynntir hugmyndinni um Sólsetrið á Þingeyri. Afstaðan er kynbundin en karlar eru hlynntari mannvirkinu en konur. Ólíkur aldur eða búseta hefur ekki áhrif á afstöðu þátttakenda.
 - ▶ Þátttakendur eru, að segja má hlutlausir í afstöðu sinni gagnvart þeirri staðsetningu Sólsetursins sem sýnd er í samþykktri tillögu að deiliskipulagi dags. 28. júlí 2020. Ef afstaðan er greind eftir kyni, þá eru konur fremur andvígir fyrirhugaðri staðsetningu en karlar fremur hlynntir henni. Íbúar á Þingeyri og í nágrenni eru fremur andvígir staðsetningunni en aðrir íbúar í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eru fremur hlynntir henni.
 - ▶ Þátttakendur telja þrívíddarframsetninguna fremur gagnlega. Enginn munur kom fram í afstöðu hópa eftir kyni, aldri eða búsetu.




Tillaga að deiliskipulagi fyrir lóð við Vallargötu (37), Þingeyri

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 26. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi lóðar við Vallargötu (37), Þingeyri dags. 28. júlí 2020.

Í greinargerð deiliskipulags segir að innan lóðar sé gert ráð fyrir að reisa listaverkið Sólsetrið. Fram kemur að verkið verði að hámarki 600 m² að grunnfleti og með 12 m hámarkshæð.

Á skýringarupprætti skipulagsins er sýnd möguleg útfærsla mannvirkis.



Tillaga að deiliskipulagi lóðar við Vallargötu (37), Þingeyri dags. 28. júlí 2020



Tilgangur könnunar


Tilgangur þessarar könnunar er tvíþættur:

1. **Að auðvelda hinum almenna borgara að taka upplýsta afstöðu** til fyrrgreindrar deiliskipulagstillögu. Er það gert með gagnvirkri þrívíddarframsetningu af deiliskipulagssvæði og fyrirhuguðu mannvirki.
2. **Afla upplýsinga um afstöðu fólks** til hugmyndarinnar um Sólsetrið og fyrirhugaða staðsetningu þess, auk þess að veita fólki tækifæri til að stinga upp á öðrum staðsetningarvalkostum.



Framsetning í þrívídd

- ▶ Í samræmi við tillögu að deiliskipulagi var útbúið þrívíddarlíkan af skipulagssvæðinu og umhverfi þess, og fyrirhuguðu mannvirki, þ.e Sólsetrinu, bætt inn með skematískum hætti.
- ▶ Í þrívíddarframsetningu **tók útlit Sólsetursins mið af framsetningu og skilmálum deiliskipulagstillögu** þeirrar sem samþykkt hefur verið til auglýsingar og almenningur mun geta gert athugasemdir við í lögbundnu auglýsingaferli.
- ▶ Þessari framsetningu **var ekki ætlað að sýna nákvæmt útlit Sólsetursins** enda er mannvirkið í hönnunarferli. Þessa var sérstaklega getið í könnuninni.



Aðferð könnunar: Innihald

Könnunin samanstóð af fjórum hlutum:

1. **Öflun bakgrunnsupplýsinga** (þ.e. kyns, aldurs og búsetu). Þess var gætt að engum persónugreinanlegum gögnum væri safnað.
2. **Sjö sjónarhornum af skipulagssvæðinu** (3 úr lofti og 4 af jörðu niðri). Sjónarhornin voru valin með það í huga að sem skýrust mynd fengist af fyrirhuguðu mannvirki og samspili þess við sitt nærumhverfi.
3. **Könnun á afstöðu til Sólsetursins** sem hugmyndar og staðsetningar þess samkvæmt áðurgreindri deiliskipulagstillögu. Þá var spurt um afstöðu til **prívíddarframsetningarinnar**.
4. Opinni spurningu um **aðra staðsetningarvalkosti** fyrir Sólsetrið.



8 Aðferð könnunar: Fyrirlögn

Um var að ræða netkönnun þar sem þátttakendur gátu ýmist svarað gegnum farsíma eða tölvu.

Könnunin var gerð aðgengileg með þrenns konar hætti:

- ▶ 5. - 15. janúar 2021 á facebook-síðu Hrafnhildar Skúladóttur.
- ▶ 5. - 7. janúar 2021 á facebook-síðu Blábankans.
- ▶ 7. - 15. janúar 2021 á vef Bæjarins Besta (www.bb.is).



Aðferð könnunar: Spurningar

Í könnuninni voru eftirfarandi spurningar lagðar fram.

1. Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú fyrirhuguðum hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri?
0 = mjög andvíg(ur); 6 = mjög hlynnt(ur)
2. Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú núverandi hugmynd um staðsetningu Sólsetursins á Þingeyri?
0 = mjög andvíg(ur); 6 = mjög hlynnt(ur)
3. Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...
0 = algjörlega gagnslaus; 6 = mjög gagnleg
4. Ef þú ert hlynnt(ur) hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri en andvíg(ur) núverandi hugmyndum um staðsetningu, hvar myndirðu vilja staðsetja Sólsetrið?



Aðferð könnunar: Úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var reiknað **meðaltal og staðalfrávik** fyrir hverja spurningu.

Ítarlegri úrvinnsla fól í sér að beita **t-prófi og einhliða dreifigreiningu** til að kanna tölfræðilega marktækan mun (marktækan mun) í afstöðu hópa eftir:

Kyni

Aldri

Búsetu

Eftirapróf Tukey HSD notað í þeim tilvikum þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram, til að greina hvar sá munur lægi.



Niðurstöður

Bakgrunnsbreytur

hverjir tóku þátt?


Þátttakendur Alls **197** einstaklingar luku >70% af könnuninni

Kynjahlutfall 41,6% konur
57,9% karlar
0,5% annað


Aldur 7,1% ≤25 ára
42,1% 26-45 ára
41,6% 46-65 ára
9,1% ≥66 ára

Búseta 27,4% Á Þingeyri eða í nágrenni
17,8% Í Ísafjarðarbæ en ekki á Þingeyri
54,8% Annars staðar en í Ísafjarðarbæ


KYN




ALDUR



BÚSETA



1. Afstaða til hugmyndar um Sólsetrið óháð kyni, aldri og búsetu




Heilt yfir eru þátttakendur fremur hlynntir hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri.

Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú fyrirhuguðum hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



1. Afstaða til hugmyndar um Sólsetrið eftir kyni



Karlar eru hlynntari hugmyndinni um Sólsetrið en konur. Marktækur munur er á milli kynja ($t(194) = -2,96$, $p = 0,003$)*.


Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú fyrirhuguðum hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)

* Aðeins 1 einstaklingur er í hópnum Annað. Hópnum er því sleppt í marktektarprófun.



1. Afstaða til hugmyndar um Sólsetrið eftir aldri




Ekki kemur fram marktækur munur milli hópanna.

Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú fyrirhuguðum hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



1. Afstaða til hugmyndar um Sólsetrið eftir búsetu




Ekki kemur fram marktækur munur milli hópanna.

Almennt séð, hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú fyrirhuguðum hugmyndum um Sólsetrið á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til staðsetningar Sólsetursins óháð kyni, aldri og búsetu



Heilt yfir eru þátttakendur að segja má hlutlausir í afstöðu sinni gagnvart staðsetningu Sólsetursins eins og hún er lögð fram í fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu.

Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú núverandi hugmynd um staðsetningu Sólsetursins á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til staðsetningar Sólsetursins eftir kyni



Konur eru fremur andvígur fyrirhugaðri staðsetningu en karlar eru fremur hlynntir. Marktækur munur er milli kynja ($t(194) = -4,012$ $p < 0,001$)*.


Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú núverandi hugmynd um staðsetningu Sólsetursins á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)

* Aðeins 1 einstaklingur er í hópnum Annað. Hópnum er því sleppt í marktæktarprófun.



2. Afstaða til staðsetningar Sólsetursins eftir aldri




Ekki kemur fram marktækur munur milli hópanna.

Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú núverandi hugmynd um staðsetningu Sólsetursins á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til staðsetningar Sólsetursins eftir búsetu




Íbúar á Þingeyri og í nágrenni eru fremur andvígir núverandi hugmynd um staðsetningu en aðrir íbúar í Ísafjarðarbæ eru fremur hlyntir henni. Marktækur munur kemur fram í afstöðu þessara tveggja hópa til staðsetningar, $F(2, 194) = 4,69$ $p = 0,01$. Ekki er marktækur munur í afstöðu þessara tveggja hópa og afstöðu þeirra sem búa utan Ísafjarðarbæjar.

Hversu andvíg(ur) / hlynt(ur) ert þú núverandi hugmynd um staðsetningu Sólsetursins á Þingeyri?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynt(ur)



3. Afstaða til gagnsemi framsetningar í þrívídd óháð kyni, aldri og búsetu




Heilt yfir töldu þátttakendur að sú þrívíddarframsetning sem boðið var upp á í könnuninni, væri fremur gagnleg.

Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...

0 = afar gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



3. Afstaða til gagnsemi framsetningar í þrívídd eftir kyni



Ekki kemur fram marktækur munur milli karla og kvenna*.


Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...

0 = afar gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg

* Aðeins 1 einstaklingur var í hópnum Annað. Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



3. Afstaða til gagnsemi framsetningar í þrívídd eftir aldri




Ekki kemur fram marktækur munur milli hópanna.

Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...

0 = afar gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



3. Afstaða til gagnsemi framsetningar í þrívídd eftir búsetu



Ekki kemur fram marktækur munur milli hópanna.

Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...

0 = afar gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



4. Hugmyndir að annarri staðsetningu Sólsetursins

Innlegg þátttakenda #1

- ▷ Fyrir utan þorpið. En annars er þetta finn staður.
- ▷ Mætti vera nær Núpi eða í botni ekki inni bænum, finnst þetta ekki fallett inni bænum og alls ekki á viðeigandi stað uppá bæjarbúa.
- ▷ Út á steypustöð.
- ▷ Ekki alveg búin að mynda mér skoðun á því hvar þetta ætti frekar að vera.
- ▷ Innar í þorpið.
- ▷ Úti á Sandasandi.
- ▷ Á Sandasandi fyrir neðan gamla flugvöllinn.
- ▷ Þessi staðsetning er allt í lagi, en hún skemmir samt útsýnið þegar þú kemur inni bæinn og ferð út úr bænum frá þessari átt. Mér þætti flottara að hafa þetta fyrir utan bæinn á milli fiskihjallanna og steypistöðvarinnar. Þar ertu með útsýni yfir allt hafið og allan fjörðinn.
- ▷ Sé ekki tilganginn með því.
- ▷ Út á odda.
- ▷ Fyrir utan bæinn, á sandinum þar fyrir opnu hafi.
- ▷ Staðsetningin er fín, en byggingin er allt of há.
- ▷ Út á sandana.
- ▷ Hönnunin er helst eitthvað sem hægt er að setja út á frekar en staðsetning eða hugmynd. Um er að ræða allt of háa byggingu sem skyggir útsýni þeirra sem búa fyrir ofan. Sem og akstur úr byggð. Einnig væri betra að sjá teikningar sem myndu sína raunmynd af þessu en ekki bara hráar kassa sem byggingu.
- ▷ Sneiðingum, eða úti á sandi við steypustöð.

4. Hugmyndir að annarri staðsetningu Sólsetursins

Innlegg þátttakenda #2

- ▶ Í fyrsta lagi þarf bygging að vera lægri, í þeirri hæð sem hún er núna eyðileggur hún útsýni íbúa sem eru flestar daga heima hjá sér og njóta sólarlagsins. Eins og bygging er núna skyggir hún á útsýni íbúa, jafnvel eyðileggur það. Hugmyndin í grunninn er frábær, en eins og hún er sett upp núna skemmir hún fyrir íbúum og virðist bara vera hugsuð fyrir ferðamenn, sem er frekar lélegt. Þegar það kemur að öðrum staðsetningu hefði t.d. lengra út fjörðinn nær söndunum við hestúsin verið flott staðsetning. Jafnvel hinu megin í firðinum fyrir neðan Gemlufallsheiði hefði líka verið flott.
- ▶ Sandasandi/ gamla flugvelli.
- ▶ Hafnarstræti 23 (sjávarmegin við Norðurborg).
- ▶ Fyrir utan bæinn.
- ▶ Önnur staðsetning fyrir þessa hæð byggingar, t.d. á söndum. En fyrir helmingi lægri byggingu er þessi staðsetning fín.
- ▶ Ekki viss, en þessi staðsetning truflar sýn yfir fjörðinn og út fjörð.
- ▶ Alls ekki þarna. Þarf að finna aðra staðsetningu.
- ▶ Á Sandasandi eða innan við mesta þéttbýlið t.d. innan við Ásgarðsnes eða á Landfyllingunni innan við hafnarsvæðið.
- ▶ Sandasandi.
- ▶ Þetta hús er ALLTOF stórt og eyðileggur fallega útsýnið sem maður hefur út fjörðinn. Til hvers þarf að byggja hús til að njóta útsýnis sem maður getur full nýtt með því að taka sér göngu í fjörunni, notið loftsins og sjósins. Þetta er eiginlega bara fáránlegt frá a-ö. Þurfum ekki að eyða peningum í að njóta þess sem við höfum nú þegar og kostar ekkert. Engin önnur staðsetning sem mig dettur í hug vegna þess að tilgangur þessa húss er í raun fáránleg peningaeyðsla.
- ▶ Utar í firðinum. Eins og t.d. fyrir utan Hjallana.
- ▶ Út við Sandasandi.

4. Hugmyndir að annarri staðsetningu Sólsetursins

Innlegg þátttakenda #3

- ▶ Fjær víkingasvæði... Mikil uppbygging hefur verið tengd Odda um og svæðinu sem almennt er kallað víkingasvæðið með því að setja svona hönnun rétt hjá sinni mér vera að skemma andrúmsloftið sem verið er að byggja upp þar. Vill endilega sjá svona uppbyggingu og tækifæri á Þingeyri en vill benda á mikilvægi þess að hafa það í anda annars sem er á staðnum en oddinn er meira byggður upp sem íþrótt og náttúruperla en ekki nútíma listasvæði.
- ▶ Utar í firðinum.
- ▶ Úti við steypustöð.
- ▶ Á ekki við.
- ▶ Það á að setja hjól undir "sólsetrið" svo að þegar Þingeyringar vakna upp við þá martröð að hafa spanderað peningum í þennan gjörning, þá er hægt að trilla því burt og leyfa því að prýða ruslahaugana Patreksfjörð. En hvað veit ég, ég er bara Tálknfirðingur.
- ▶ Neðst á tanganum nálægt íþróttahöllinni, þar gætu bílastæði og salerni þjónustað þessu. Þar sem þessi bygging mundi ekki spilla útsýn eins mikið.
- ▶ Það er allt gott og blessað að stuðla að uppbyggingu í sjávarþorpum landsins en ætti ekki að hafa það að markmiði að nýbyggingar passi inn í fyrirliggjandi umhverfi og stingi ekki í stúf við allt annað í byggðinni? Markmiðið hlýtur að vera að bæta byggðina og ekki þvinga nýtískulegu stórhýsi á bæjarbúa sem passar enganvegin inn í umhverfið. Það er hægt að byggja fallett og nýtískulegt án þess að það taki yfir allt annað eins og núverandi plön virðast gera.
- ▶ Núverandi staðsetning er mjög góð! Held að þetta verði spennandi verkefni!
- ▶ Nær víkingasvæðinu og þetta virkar alltof stórt.
- ▶ Inn við spennistöð eða fyrir utan Þingeyri fyrir utan hjallana.
- ▶ Er ekki viss.
- ▶ Held þetta yrði flottast á oddanum hinum megin við víkingasvæðið.
- ▶ Við gömlu steypustöðina.

4. Hugmyndir að annarri staðsetningu Sólsetursins

Innlegg þátttakenda #4

- Við fellsendan, rétt utar í firðinum þar góð hugmynd að þessari gríðar stóru stærðargráðu blokkar ekki eins mikið útsýni.
- Að mestu leiti frábær hugmynd en afhverju 12 metra há bykking!? Vill meina það sé of hátt. Annars æði.
- Fyrir aftan Víkingar svæðið eða út á sanda sandi.
- Mundi bara ekkert vilja sjá þessa hörmung nálægt byggð.
- Úti við steypustöðina eða fyrir neðan tjaldsvæðið.
- Þetta er bærinn eyðilagður eins og hann er í dag, algjörlega gjörsamlega galið að ætla að reisa þetta ferlíki þarna :(Mögulega myndi þetta sóma sér útá sveinseyri eða söndum.
- Myndi vilja sjá það út á Sandasandi, á sjávarkambinum fyrir neðan eldgamla flugvöllinn.
- Góður staður þarna sem sýnt er hér.
- Þessar þrívíddarmyndir eru til skammar! Þær eru ekki unnar af hönnuðinum og virkilega villandi fyrir hinn almenna borgara. og algjörlega í röngum hlutföllum og einungis gert til þess að sverta umræðu um þetta verkefni! En ég er sammála því að betri staðsetningu er hægt að finna.
- Mest af öllu myndi ég vilja sjá þetta á Sandasandi en ef það væri ekki möguleiki, þá heldur nær oddanum og jafnvel lækka það aðeins. Alveg opin fyrir fleiri hugmyndum út úr byggð. Finnst þetta alltof stórt til að staðsetja þetta þarna ofan í íbúabyggðinni og skerða sýn út á hafið og út fjörðinn. Eitthvað sem maður horfir daglega á þegar maður er á svæðinu (margar vikur á ári).
- Við fiskhjallana, við Sanda eða á Söndum...jafnvel á söndunum við Keldudal, þ.e. þar sem skugginn af þessu 12 m háa mannvirki hefur ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi byggð ...né mögulegur hávaði, ef vindgrauð mótast af mannvirkinu. Varðandi myndirnar þá hjálpuðu þær mér ekki þar sem fyrsta sjónarhornið virtist vera spegilmynd eða rugluð miðað við staðsetningu...hinar birtust bara sem föst nærmynd af steypu, gróðri....*

* Ath! Mögulegt er að þátttakandinn hafi ekki áttað sig á þeirri gagnvirkni sem þrívíddarframsetningin bauð upp á.

4. Hugmyndir að annarri staðsetningu Sólsetursins


Innlegg þátttakenda #5

- ▷ Upp á Sandafelli.
- ▷ Til dæmis út á Sanda sandi eða allavega ekki inn Þingeyri þar sem tilgangur verksins fellur fyrir því hve mikið pláss það tekur og spillir öðru útsýni. Þar sem sumir vilja halda útsýni óspilltu.
- ▷ Vil ekki sjá þetta neins staðar !
- ▷ Út á sandasandi.
- ▷ Við fjalls rætur sandafell í nágreni við malargrifju.
- ▷ Mér finst þetta stórt. svið það og að hafa álver fyrir utan gluggann hjá sér en ef íbúar eru sáttir þá er þetta bara gott mál.
- ▷ Út á sandasandi, fjarri íbúðabyggð.
- ▷ Arkitekturrinn passar engan veginn við umhverfið.
- ▷ Utar fyrir ofan veg í sneyðingunum.
- ▷ Á miðjum Sandasandi.
- ▷ Fjær byggð.
- ▷ Á söndunum fyrir utan bæinn (við fiskihjallana).
- ▷ Hlyntur.
- ▷ Flytja þetta út á sandasand þar sem gamla steypustöðin er við hliðina á sumarhúsi Pálmars.
- ▷ Lengra út á Oddann c.a. fyrir neðan tjaldsvæðið.
- ▷ Ekki á eyrinni sjálfri, utar í firðinum..
- ▷ tildæmis út á sandasandi við hliðina á hjöllumunum.
- ▷ in við spennistöð ?

4. Hugmyndir að annarri staðsetningu Sólsetursins

Innlegg þátttakenda #6

- ▷ Myndi vilja sjá það við Sanda, nálægt flugvellið.
- ▷ Eftir lengra út á oddan - fjær Aðalstrætið og Vallargötunni, nær Víkingasvæðinu.
- ▷ Uppi á hæðinni fyrir ofan malarnámuna í sneiðingunum, þar mætti bæði sjá sólsetur og sólar uppkomu auk þess að þar er flott útsýni bæði inn og út fjörðinn.
- ▷ Þetta ferlíki passar engan veginn á Þingeyri.
- ▷ Sandasandinn, svæðið þar sem gamla steypustöðin er staðsett utar í firðinum. Miðað við hvernig þrívíddarteikningin lætur þetta líta út að þá er þetta alltof stórt mannvirki sem passar engan veginn í umhverfið.
- ▷ Utar í firðinum, þar sem það nýtur sín en skyggir ekki á útsýni íbúa. Staðsetning utar í firðinum, t.d. þar sem nú er steypistöð, býður líka upp á betri möguleika á bílastæðum og aðkomu að setrinu.
- ▷ Út á söndum.
- ▷ Fyrir utan sneiðingana utan við Sandafells endan ofan við veginn í hlíðinni. Það er mun betri og meira viðeigandi staður. Flott þar.
- ▷ Á söndum.
- ▷ Út á Sandasandi þar sem steypustöðin er.
- ▷ Aðeins utan við þorpið, annað hvort út við harðfiskhjalla eða enn utar, við gömlu steypustöðina eða á gamla flugvöllinn þar fyrir ofan.
- ▷ Hvergi. Þetta eru skemmdarverk á fallett umhverfi.
- ▷ Framar á eyrina.
- ▷ Fjær byggðinni nær víkingasvæðinu, jafnvel hinumegin við víkingasvæðið.
- ▷ Fyrir utan Þingeyri sandafellið er bara með betra útsýni.
- ▷ Hugmyndin er góð og vonandi til framfara fyrir bygðarlagið.
- ▷ Utar á oddanum utan við íþróttamannvirkin.
- ▷ Í fjörunni undir Sandakerlingu.



ENVRALYS

Tjarnargata 4, 101 Reykjavik, Iceland

envrallys@envrallys.is

www.envrallys.is